

Ed.

645. Breytingartillögur

[102. mál]

við frv. til l. um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sem sett skal í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins og Slysavarnafélag Íslands.
2. Við 9. gr. Orðin „og fara minnkandi eftir því sem skipin eru stærri“ falli brott.
3. Við 10. gr. Í stað orðsins „Tilkynningaskyldunnar“ komi: ríkissjóðs.
4. Við 11. gr. Í stað orðanna „síma- og húsnæðiskostnaður“ komi: fjarskiptakostnaður.
5. Við 12. gr. Í stað orðanna „Sjávarútvegsráðherra ákveður“ komi: Ákveða skal.